

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 915 29. nóvember 2000.

1. gr.

18. gr. breytist þannig:

Við lið 18.10 (17) bætist: Liður 18.10 (15) vísar frá 6. febrúar 2002 til tilskipunar 2001/1/EB um breytingu á tilskipun 70/220/EBE.

2. gr.

Viðauki III breytist þannig:

Undir **Bifreiðar og eftirvagnar:**

Í reitinn „Síðari viðbætur“ við tilskipun 70/220/EBE bætist: 2001/1/EB.

3. gr.

Viðauki IV breytist þannig:

Undir **Bifreiðar og eftirvagnar:**

a. Við 3. tölul. (tilskipun 70/220/EBE) bætist ný lína:

		2001/1/EB	L035 06.02.01	*** 133/2001; 6, 24.01.2002
--	--	-----------	---------------	--------------------------------

b. Við 34. tölul. (tilskipun 78/316/EBE) bætist í reitinn „EES-birting“:
*** 133/2001; 6, 24.01.2002.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 60. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, svo og með hliðsjón af I. og II. kafla II. viðauka við EES-samninginn, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. apríl 2002.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Hólmsteinn Gauti Sigurðsson.

27. mars 2002

Nr. 318

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytis á sameiningu Djúpárhrepps, Holta- og Landsveitar og Rangárvallahrepps.

Með vísan til 2. mgr. 91. gr. og 95. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 27. mars 2002 staðfest sameiningu Djúpárhrepps, Holta- og Landsveitar og Rangárvallahrepps, í umdæmi sýslumannsins á Hvolsvelli, í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Sameining framangreindra sveitarfélaga í eitt sveitarfélag skal taka gildi 9. júní 2002.

Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir áðurgreindum þremur sveitarfélögum.

Íbúar hinna þriggja sveitarfélaga skulu vera þegnar hins sameinaða sveitarfélags.

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum þremur sveitarfélögum skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags.

Skjöl og bókhaldsgögn allra sveitarfélaganna skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:

Kosning sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags skal fara fram þann 25. maí 2002, sbr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Kjósa skal níu fulltrúa í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Sveitarstjórnirnar þrjár kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar.

Samhliða sveitarstjórnarkosningum verður gerð skoðanakönnun um nafn hins sameinaða sveitarfélags samkvæmt tillögum samstarfsnefndar sem áður skal auglýsa eftir hugmyndum að nafni. Nafn hins sameinaða sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytinu, 27. mars 2002.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Guðjón Bragason.

REGLUR

um breytingu (9) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 94. gr. reglnanna í XIII. kafla um viðskipta- og hagfræðideild bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Til M.A.-prófs í viðskiptafræði og í hagfræði og í skyldum greinum.

2. gr.

Þriðji og fjórði málslíður 3. mgr. 94. gr. reglnanna breytast og verða svohljóðandi:

Til M.S./M.A.-prófs er krafist 45 eininga hið minnsta. Nánari reglur um M.S./M.A.-nám, en fram koma í þessum kafla skulu staðfestar af háskólaráði sbr. ákvæði 68. gr. þessara reglna.

3. gr.

Heiti 97. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

M.S.- og M.A.-nám.

Aftan við 97. gr. reglnanna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Skipan M.A.-námsins miðast við þrjú misseri. Nám til M.A.-prófs er 45 einingar hið minnsta, þar af eru 30 einingar í námskeiðum og 15 eininga ritgerð. Nemendur sem vilja ljúka 60 eininga M.A.-prófi eiga kost á 30 eininga ritgerð eða geta óskað eftir heimild til að ljúka 45 einingum í námskeiðum. Skorir setja nánari reglur um inntökuskilyrði, námsleiðir og námskröfur.